



Mýrdalshreppur

Dagur umhverfisins 25. apríl 2012. 250 ár frá fæðingu Sveins Pálssonar



Sveinn Pálsson f. 25. apríl 1762, var náttúrufræðingur, læknir og ferðagarpur og er tvímælalaust einn af merkustu sonum Víkur. Til heiðurs honum sem eins fyrsta náttúrufræðings okkar Íslendinga var ákveðið var að dagur umhverfisins skildi haldinn á fæðingardegi Sveins.

Í tilefni af 250 ára fæðingarafmæli Sveins verður hátíðardagskrá hér í Vík þar sem umhverfisráðherra mun afhjúpa minnisvarða um Svein sem Mýrdalshreppur hefur látið reisa á Guðlaugsblettinum og einnig verður dagskrá í Leikskálum þar sem flutt verða erindi um líf og störf Sveins Pálssonar. Börn úr Víkurskóla taka þátt í dagskránni auk þess sem til sýnis verður afrakstur þemaviku skólans. Dagskráin er einnig hluti af Jarðvangsviku Kötlu – Jarðvangs.

Dagskráin í Vík hefst kl. 15.00 með stuttri athöfn við minnismerkið á Guðlaugsblettinum.

Samkór Mýrdælinga syngur Skaftárþing

lag Sigurjón Kjartansson frá Vík

ljóð Stefán Hannesson frá Litla-Hvammi

Börn úr Hestamannafélaginu Sindra standa heiðursvörð

Umhverfisráðherra Svandís Svavarsdóttir afhjúpar minnisvarðann

Inni í Félagsheimilinu Leikskálum

Stutt dagskrá nemenda úr Víkurskóla

Ávarp umhverfisráðherra Svandísar Svavarsdóttur

Þrjú stutt erindi um Sveinn Pálsson

- Ólafur Jónsson fjallar um lækninn Svein Pálsson
- Oddur Sigurðsson fjallar um náttúrufræðinginn Svein Pálsson
- Sveinn Runólfsson fjallar um landkönnuðinn Svein Pálsson

Kaffi.

Að síðustu verður farið að leiði Sveins í kirkjugarðinum á Reyni

Mikilvægt er að Mýrdælingar taki virkan þátt í dagskránni.

Mýrdalshreppur er einnig þátttakandi í málþingi um ævi og störf Sveins Pálssonar sem haldið verður daginn áður eða 24. apríl milli kl. 15:00 og 17:00 í Öskju (Háskóla Íslands) í samvinnu við umhverfisráðuneytið, Læknafélag Íslands og Landgræðslu ríkisins.